

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulagsbreyting, Stangarbraut 20, L202435.

Óveruleg breyting er gerð á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Öndverðarness, Kambshverfi, fyrir lóðina Stangarbraut 20. Í breytingunni felst að byggingarreitur lóðarinnar er skilgreindur í 10 m fjarlægð frá lóðarmörkum til norðurs, að vegslóða í stað 20 m. Samþykkt í sveitarstjórn 21. apríl 2021.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 6. maí 2021.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.

B-deild – Útgáfud.: 7. maí 2021